

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 697/2014

2014/EES/73/59

frá 24. júní 2014

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 906/2009 að því er varðar gildistíma hennar (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 246/2009 frá 26. febrúar 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) <sup>(1)</sup>, einkum 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 <sup>(2)</sup> er áætlunarskipafélögum veitt hópundanþága frá banninu sem felst í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Sú reglugerð fellur úr gildi 25. apríl 2015 í samræmi við fimm ára hámarksgildistímamann sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 246/2009. Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar af að beita hópundanþágu virðast rökin fyrir hópundanþágu fyrir skipafélagasamtök enn vera gild og skilyrðin, sem lágu til grundvallar ákvörðun um gildissvið og efni reglugerðar (EB) nr. 906/2009, ekki hafa tekið umtalsverðum breytingum.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 906/2009 voru reglur sem gilda um skipafélagasamtök einfaldaðar og gerðar voru umtalsverðar breytingar á þeim. Þar sem nýr lagarammi hefur aðeins verið í gildi í stuttan tíma ætti að forðast frekari breytingar á þessu stigi. Þannig má forðast aukinn kostnað rekstraraðila í atvinnugreininni við að fylgja reglunum.
- 3) Því ber að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 906/2009 um fimm ár.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað „25. apríl 2015“ í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 906/2009 komi „25. apríl 2020“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá og með 25. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 25.3. 2009, bls. 1. Frá og með 1. desember 2009 urðu 81. og 82. gr. EB-sáttmálans að 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31).